

Föstudaginn 31. marz 1939.

Nr. 1/1939. H. f. Dofri
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Brynju.

Ágreiningur út af skilningi á vinnusamningi. Deilt um kaup á umsömdum frídögum.

Dómur.

Hinn 20. jan. þ. á. var á Þingeyri undirritaður samningur milli vinnuveitenda þar annars vegar og verkamannafélagsins Brynju hins vegar, og er 11. gr. hans svo hljóðandi: „Fastir frídagar, auk helgidaga Þjóðkirkjunnar, eru sumardagurinn fyrsti, 1. maí, 17. júní og 19. október“. Áður en samningurinn var undirritaður eða þegar hann skyldi undirritast, kom í ljós ágreiningur um það, hvaða merkingu skyldi leggja í orðin „fastir frídagar“, í 11. gr. hans. Varð það úr, að atvinnurekendur, sem eru stefnandi máls þessa og Þorbergur Steinson, rituðu undir samninginn með svohljóðandi fyrirvara: „Undirskrift okkar er bundin þeim fyrirvara, að lagt verði þegar undir úrskurð félagsdóms, hvernig skilja beri orðið frídagar. Falli úrskurður félagsdóms þannig, að það teljist brot á samningi að láta vinna á frídögum, þegar nauðsyn krefur, erum við ekki bundnir af 11. gr. sammingsins.“

Stefnandi höfðaði síðan mál þetta hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 6. febrúar þ. á., og gerir hann þær dómkröfur, að kaupgjald á frídögum þeim, sem um ræðir í 11. gr. áðurnefnds sammings, skuli vera hið sama og á virkum dögum, en réttur atvinnurekenda til að láta vinna á þessum frídögum sami og gildir um helgidaga. Þá krefst hann og málskostnaðar. Í flutningi málsins hefur stefnandi að öllu leyti fallið frá framangreindum fyrirvara fyrir sitt leyti, en haldið fast við stefnukröfur sínar, með því að ágreiningur sé um skilning á nefndu ákvæði 11. gr. sammingsins milli aðilja máls þessa, nema málskostnaðarkröfuna, sem hann hefur fallið frá.

Stefndi, sem einnig óskar þess, að dómurinn skeri úr nefndum ágreiningi, gerir þær kröfur, að oftnefnd 11. gr. sammingsins frá 20. jan. þ. á. verði skýrð þannig, að verkamönnum sé

ekki skylt að vinna á föstum fridögum, þeim, er greinin nefnir, en ef þeir vinni, þá beri þeim kaup sem í nætur- og helgidagavinnu.

Í samningi milli málsaðilja, sem er undirritaður 5. febrúar 1934 og gilti til 20. janúar s. l., er ein greinin svo hljóðandi: „Dagurinn 19. október reiknast sem helgur dagur.“ Hefur stefnandi haldið því fram, að þrátt fyrir orðalag þetta hafi ávallt verið greitt fyrir vinnu á þeim degi sem um virkan dag væri að ræða. Stefndi hefur mótmælt þessu, og hafa gegn mótmælum hans ekki verið færðar nægilegar sannanir fyrir því, að þessu ákvæði samningsins frá 5. febr. 1934 hafi ekki verið fylgt.

Upplýst er í málinu og viðurkennt, að yfirleitt gildi sú regla hér á landi, að þar sem samið sé um frídaga, auk helgidaga þjóðkirkjunnar, eða þeir tíðkist, þá gildi að öllu leyti sömu reglur um þá og venjulega helgidaga.

Með hliðsjón af framangreindu og orðalagi 11. gr. samningsins frá 20. jan. s. l. „Fastir fridagar auk helgidaga þjóðkirkjunnar“, ber að skilja hana svo, að sömu reglur, sem gilda á helgidögum, skuli gilda á dögum þeim, sem nefndir eru fastir fridagar í oftnefndri 11. gr. umgetins samnings.

Þvi dæmist rétt vera:

Reglum þeim, sem gilda um helgidagavinnu samkvæmt samningi málsaðilja frá 20. janúar 1939, skal einnig beitt á þeim dögum, sem nefndir eru „fastir fridagar“ í 11. gr. hans.